

ÁSMUNDUR HILMARSSON

UM VINNUAFL OG MARKHÓP
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Árið 2009 taldi vinnuafli á Íslandi alls 180.900 manns. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands um vinnuafli árána 2004–2009 var hlutfall þeirra sem teljast til markhóps Fræðslumiðstöðvarinnar um 33–35% af vinnuafli. Árið 2000 var hlutfallið 44%.

Athygli vekur að hlutfall háskólamenntaðra kvenna í vinnuafli var 7% árið 2000 en hefur verið 13–15% í vinnuafli árána 2004–2009. Hlutfall háskólamenntaðra karla var 8% árið 2000 en hefur verið 12–13% í vinnuafli árána 2004–2009.

Til vinnuafli teljast þeir sem eru á aldrinum 16–74 ára, í vinnu eða í atvinnuleit. Í gögnum Hagstofu Íslands er vinnuafli skipt eftir menntun; grunnmenntun (ISCED 1,2), starfs- og framhaldsmenntun (ISCED 3,4) og háskólamenntun (ISCED 5,6).

Um 34%, eða 61.500 manns, af vinnuafli ársins 2009 hafði ekki lokið annari skólagöngu en grunnskóla. Þessi hópur er markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Af markhópnum voru 32.400 (53%) karlar og 29.100 (47%) konur.

Háskólamenntuðum einstaklingum fjölgaði um 30% á milli árána 2004 og 2009. Á sama árabili fjölgaði háskólamenntuðum konum í vinnuafli um 35%. Einstaklingum með starfs- og framhaldsmenntun fjölgaði um 3% en konum


með starfs- og framhaldsmenntun í vinnuafli fjölgaði um 7%. Lækkandi hlutfall kvenna með grunnmenntun er vísbending um að konur séu fúsari en karlar að bæta við menntun sína.

Árið 2000 höfðu 44% af vinnuafli eða 70.400 einstaklingar ekki lokið annari skólagöngu en grunnskóla. Þar af voru konur 36.900 (23%) en karlar 33.500 (21%). Á 10 árum, frá 2000–2009, fækkaði um 8.900 manns, þar af 7.800 konur, í hópi þeirra sem höfðu ekki lokið annari skólagöngu en grunnskóla. Á sama tíma fjölgaði vinnuafli alls um 20.800 einstaklinga.




Ásmundur Hilmarsson

Mynd 1. Menntun kvenna í vinnuafli 2000–2009



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 2. Menntun karla í vinnuafli 2000–2009




Heimild: Hagstofa Íslands

Á milli árunna 2000 og 2009 fjölgaði háskólamenntuðu vinnuafli um 116%. Á sama tímabili fjölgaði háskólamenntuðum konum í vinnuafli um 159% en háskólamenntuðum körlum um 80%. Í hópi þeirra sem höfðu starfs- og framhaldsmenntun fjölgaði um 3% en konum fjölgaði um 0,4% og körlum um 5%.


KÖRLUM FJÖLGAR Í VOTTUÐUM NÁMSLEIÐUM FA

Þegar þátttaka í vottuðum námsleiðum FA er skoðuð út frá kynjum má sjá að hlutfall karla hefur verið að aukast mikið á síðustu árum. Árið 2007 var fjöldi karla, sem tók þátt í vott-

Mynd 3. Þátttaka í vottuðum námsleiðum FA eftir kynjum 2007–2010



Mynd 4. Viðtöl í náms- og starfsráðgjöf hjá símenntunarmiðstöðvum eftir kynjum 2007–2010



uðum námsleiðum FA, samtals 195 eða 14% af öllum þátttakendum ársins. Árið 2010 (jan-jún) var fjöldi karlmannna kominn í 440 eða 36% af þeim sem sóttu vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þessa aukningu karla síðustu ár má að hluta til rekja til talsverðar aukningar í námsleiðum sem eru hugsaðar fyrir karlmenn eins og t.d. Öryggisvarðanám og Jarðlagnatækni.

Þegar verkefnið „Námsráðgjöf á vinnustað“ fór af stað árið 2006 var megináherslan á ráðgjöf fyrir einstaklinga sem voru í starfi. Þetta er gjörbreytt í dag því meira en helmingur af þeim sem fara í viðtal hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna eru atvinnuleitendur. Líkt og í vottuðum námsleiðum hefur hlutfall karla verið að aukast jafnt og þétt í náms- og starfsráðgjöfinni. Árið 2007 var hlutfall karla í náms- og starfsráðgjöfinni 39% en árið 2010 var þetta hlutfall komið í 58%, sjá mynd 4.

UM HÖFUNDINN

Ásmundur Hilmarsson starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hann er húsasmiður en hefur unnið að félags- og fræðslumálum í yfir 25 ár.